

Byko ehf.  
Skemmuvegi 2a  
200 Kópavogi

Reykjavík, fimmtudagur, 7. júní 2024  
UST202404-053/F.K.  
07.05.02

### Niðurstaða eftirlits - Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar til Byko ehf., dagsett þann 4.4.2024 þar sem tilkynnt var um eftirlit með efnavöru í kjölfar ábendingar sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var einnig kynnt í tölvupósti til fyrirtækisins þann 8.4.2024.

Markmið eftirlitsins er að kanna hvort vörur sem Byko ehf. ber ábyrgð á markaðssetningu á uppfylli kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Eftirfarandi vara sem fellur undir umfang eftirlitsins var skoðuð hjá fyrirtækinu:

Vara	Strikamerki
Krylon - Looking Glass - silver (180g)	724504090335

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla skilyrði um merkingar í samræmi við hættuflokkun þeirra. sbr.3. mgr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.

**Umhverfisstofnun veitir Byko ehf. frest til 28.6.2024 til að senda stofnuninni afrit af merkimiðum þar sem bætt hefur verið úr frávikum sem koma fram í eftirlitsskýrslu í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 um flokkun merkingu og umbúðir efna og efnablandna.**

**Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málnúmerinu UST202404-053.**

**Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á vörulager og á sölustöðum verði merktar með merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.**

Umhverfisstofnun veitir Byko ehf. hér með frest til 21.6.2024 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið

jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 21.6.2024. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 21.6.2024.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið [fifa.konradsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:fifa.konradsdottir@umhverfisstofnun.is) til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllt

Fífa Konráðsdóttir,  
**sérfræðingur**

Bergdís Björk Bæringsdóttir,  
**sérfræðingur**

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla